

Héraðsnefnd Fljótshéraðs,

B/t Óðinn Gunnar Óðinsson.

Árið 1970, (fermingarárið mitt) réðist Vegagerð ríkisins í skurðgröft milli Gilsárteigs og Brennistaða í Eiðapinghá í þeim tilgangi að leggja veg milli bæjanna. Þá var mjólkurframleiðsla stunduð á þessum bæjum og einnig á Hjartarstöðum en með fyrirhugaðri veglagningu væri komin hringtenging við aðalveginn á Eiðaöxlum. Í tengslum við þessi áform var byggð brú yfir Unulæk sem rennur á milli Gilsárteigs og Brennistaða. Síðan gerist ekkert í málinu næstu þrjá til fjóra áratugina (man ekki ártöl nákvæmlega) en fyrir áeggjan þáverandi dreifbýlisnefndar Austur- Héraðs fékkst dálítið fjármagn úr styrkvegasjóði til að slétta út skurðruðninga og yfirkeyra með mól. Nokkrum árum síðar kom svo önnur fjárveiting úr sjóðnum og vegurinn styrktur verulega og hefur verið í svipuðu ástandi síðan.

Þessi vegspotti er tveir til tveir og hálfur km. að lengd og er því í eigu sveitarfélagsins en áður hefur verið formlega reynt að fá Vegagerðina til að yfirtaka veginn og sjá um hann, en á það hefur ekki verið fallist. Hefur þetta skapað smá vesen t.d. í sambandi við heflun, snjómokstur og merkingar þótt Vegagerðin hafi nú alveg stöku sinnum heflað og mokað snjó vegna velvildar vegagerðarmanna en henni ber ekki skylda til þess enda ekki á hennar forsjá.

Við ábúendur Brennistaða notum þennan veg mjög mikið og alltaf þegar farið er í Egilsstaði enda þremur og hálfum km. styttra heldur en hina leiðina í gegnum Hjartarstaði. Einnig er á veginum heilmikil önnur umferð t.d. af mjólkurbíl, skólabíl og ruslabíl og bara af fólki á rúntinum, og nú í sumar þegar vegaf framkvæmdir á Borgarfjarðarvegi um Eiðaaxlir stóð sem hæst var mikil taffík þennan fjallabæjarhring sem svo er stundum kallaður.

Það er því tilgangur bréfs þessa að kanna hvort Héraðsnefnd Fljótshéraðs sé tilbúin til þess að taka aftur upp viðræður við Vegagerð ríkisins með það að markmiði að Vegagerðin taki þennan umrædda veg inn í sitt vegakerfi og sjái um hann eins og aðrar heimreiðar í dreifbýlinu, það hlýtur að teljast eðlilegt.

Fari svo að Vegagerðin hafni væntanlegu erindi, er nokkuð ljóst að innan fárra ára verður að leita til þessa svokallaða styrkvegasjóðs sé hann enn við lýði, því óneitanlega eru veikir punktar í veginum, t.d. ansi siginn í landið á kafla, og aðeins aurbleyta á vorin á stöku stað.

En það er ekki erindið núna.

4. október 2022

Vinsamlegast,

Þórarinn Ragnarsson

Brennistöðum.